

Umsögn Suðurlandsskóga um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu, þingskjal 273 - 211. mál.

Stjórn Suðurlandsskóga vill þakka fyrir að hafa boðist að gera athugasemdir við þingsályktun um að efla skógrækt sem atvinnuveg.

Suðurlandsskógar taka undir áskorunina á ríkisstjórnina að efla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg. Minnt er á í því sambandi sáttmála núverandi ríkistjórnar þar sem lögð er áhersla á stóráukna skógrækt og landgræðslu m.a. til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda og vera hvati í aðgerðum til eflingar efnahagslífsins.

- a. Suðurlandsskógar taka einnig undir að stórefla þurfi hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt. Minnt er á að mikilvægt er að allar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt séu samræmdar á landsvísu og þess bærum stofnunum sé gert kleift að stunda rannsóknir í takt við þarfir og framþróun innan greinarinnar.
- b. Suðurlandsskógar telja það mikla og spennandi áskorun að skoða mögulega uppbyggingu nýrrar stofnunar innan landgræðslu og skógræktar. Einnig kæmi vel til greina að hafa tvær stofnanir. Önnur hefði með að gera opinbera stjórnsýslu og síðan aðra stofnun (rekstarfélag) sem yrði framkvæmdastofnun sem hefði með að gera alla umsjón framkvæmda í landgræðslu og skógrækt á landsvísu. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel m.a. á Norðurlöndum.

Suðurlandsskógar leggja áherslu á mikilvægi þess að hafa skógrækt og landgræðslu svæðisskipta eftir landshlutum og öflugar starfsstöðvar í hverjum landshluta. Landshlutaverkefni í skógrækt, Skógrækt ríkisins og Landgræðslan hafa skipulagt starfsemi sína á þennan hátt um áraraðir og tekist vel.

- c. Lagt er til í þingsályktunartillögunni að semja nýtt frumvarp að nýjum samræmdum lögum um skógrækt og landgræðslu. Ekki er tekið undir nauðsyn þess að setja ein sameiginleg lög um landgræðslu og skógrækt, þótt stofnanir séu sameinaðar. Vel kæmi til greina að hafa lög in aðskilin, eins og þau eru í dag, en engu að síður er mjög aðkallandi að semja ný frumvörp til nýrra laga í landgræðslu og skógrækt.
- d. Tekið er undir nauðsyn þess að móta nýtt starfsumhverfi með rammaáætlun til eflingar skógræktar. Lagt er til að rammaáætlun nái að minnsta kosti til 5-10 ára, en ekki til þriggja ára eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Ástæða þess er m.a. sú að skipuleggja þarf trjáplöntuframleiðslu og útboð tengd henni til nokkurra ára fram í tímann.

f.h. Suðurlandsskóga

Björn Bjarndal Jónsson
framkvæmdastjóri